

Kirkjuþing 2023-2024

32. mál- þskj. 32a

## TILLAGA

til þingsályktunar um heildstæða endurskoðun á kennsluefni og starfsemi

Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að starfsemi Leiðtogaskóla Þjóðkirkjunnar verði endurskoðuð til samræmingar á kröfum og gæðum í kennslu. Jafnhliða því verði kennsluefni Leiðtogaskólans endurskoðað á heildstæðan hátt til uppfærslu og endurnýjunar. Jafnframt verður leiðtogaskólinn gerður aðgengilegur fyrir öll ungmenni á landinu.

### Greinargerð.

Leiðtogaskólinn starfar á nokkrum stöðum á landinu og undirbýr hann framtíðarleiðtoga fyrir það að starfa með börnum og ungmennum, bæði innan kirkjunnar og utan hennar. Sú kennsla sem í honum fer fram er þó alveg eftir hentugleika þess starfsfólks sem að kennir og því eru leiðtogaefnin misvel undirbúin fyrir störf sín sem leiðtogar.

Hugmyndir fyrir umbætur á starfsemi felast meðal annars í:

- Stækka leiðtogaskólann svo að hann starfi á landsvísu og sé aðgengilegur ungmennum úr öllum landshlutum.
- Gera eina sameiginlega námskrá sem er síðan opin fyrir útfærslu starfsfólks á hverjum stað, því verði í raun bara listi atriða sem þurfi að fara yfir í kennslunni.
- Velja vel þau leiðtogaefni sem eru send frá hverri kirkju og breyta uppsetningu hans.

Til að auka samskipti og tengsl á milli skólana mætti hafa sameiginlega kennslu í lok beggja ára, á fyrra árinu væri hist einhvers staðar í landshlutanum yfir helgi og á seinna árinu væru sameiginleg helgi eða ungmennaskipti þar sem að þátttakendur fengju að kynnast bæði hvoru öðru sem og öðrum ungmennum úr svipaðri starfsemi í öðrum löndum.